

Reglur um liðveislu hjá félagsþjónustunni í Grindavík

1. gr.

Markmið með liðveislu er að veita persónulegan stuðning og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, t.d. aðstoð til að njóta menningar og félagslífs.

2. gr.

Rétt til liðveislu eiga þeir fatlaðir sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, sem búa utan stofnana eða sambýla. Liðveisla miðast við grunnskólaaldur til 67 ára. Lögheimili og búseta í Grindavík er skilyrði.

3. gr.

Umsókn skal skilað á sérstöku eyðublaði, sem er undirritað af umsækjanda sjálfum, forsjáraðila hans eða talsmanni, þar sem fram kemur ósk umsækjanda um tímafjölda og fyrirkomulag liðveislunnar. Einnig skal fylgja staðfesting á greiningu frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, eða öðrum sérfræðingum eftir því sem við á.

4. gr.

Starfsfólk félagsþjónustu Grindavíkur hefur umboð félagsmálaráðs til að afgreiða umsóknir um liðveislu samkvæmt reglum þessum. Við mat á þjónustuþörf er lagt til grundvallar félagsleg staða viðkomandi, tengsl við aðra, fötlun umsækjanda, þörf foreldra fyrir stuðning og hvort umsækjandi geti á viðeigandi hátt nýtt sér önnur félagsleg úrræði. Liðveisla getur að hámarki orðið 20 klst. á mánuði.

5. gr.

Liðveisla er veitt að hámarki í eitt ár í senn. Sækja verður um endurnýjun á liðveislu og verður það að gerast a.m.k. mánuði áður en umsamið tímabil rennur út. Ef ekki berst umsókn um endurnýjun þá fellur þjónustan niður án frekari viðvarana.

6. gr.

Liðveitendur þurfa að vera 18 ára eða eldri. Ekki er ráðinn náinn ættingi til að sinna liðveislunni nema ef umönnun þjónustuþega er svo sértæk að ekki næst að ráða liðveitanda með viðunandi sérþekkingu á málum hans.

7. gr.

Liðveitandi skrifar undir þagnarskyldu við ráðningu. Hann skal halda leyndu öllu því sem hann kann að komast að í starfi sínu, við liðveislu og á þeim fundum sem haldnir eru hjá félagsþjónustunni sem varða skjólstæðing hans og fjölskyldu. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af störfum. Við ráðningu skal liggja fyrir heimild vinnuveitanda til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

8. gr.

Gerður skal skriflegur samningur við liðveitanda um hvern einstakling, þar sem kveðið er á um samningstímabil, mánaðarlega vinnuskyldu og skipulag starfs. Liðveitendur taka laun sín frá Grindavíkurbæ samkvæmt launataxta Starfsmannafélags Suðurnesja og launanefndar sveitafélaga. Liðveitanda er óheimilt að þiggja gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi af þjónustunotandanum.

9. gr.

Liðveitandi fær auk launa greiddan úttagðan kostnað og akstur upp að ákveðnu marki sem félagsmálaráð ákveður ár hvert. Liðveitanda ber að halda skráningu um þau skipti sem hann veitir liðveislu og skal þjónustuþeginn eða forráðamaður hans kvitta fyrir þeim tímum á þar til gert eyðublað í lok hverrar samveru. Sé liðveitandi boðaður á fund hjá félagsþjónustunni dregst sá tími frá þeim tíma sem hann sinnir liðveislu.

10. gr.

Liðveitandi verður að skila inn tímum sínum fyrir 24. hvers mánaðar til að fá greidd laun næstu mánaðarmót á eftir, dragist það er ekki greitt út fyrr en í næsta mánuði á eftir.

11. gr.

Málsmeðferð samkvæmt reglum þessum fer að ákvæðum 16. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

12. gr.

Sé niðurstaðan óhagstæð umsækjanda skal hún skýrð og rökstudd skriflega og umsækjandi upplýstur um rétt til málskots og málskotsfrest.

Ákvörðun um synjun á umsókn má skjóta til félagsmálaráðs Grindavíkur. Skal það gert skriflega og eigi síðar en fjórum vikum eftir að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun. Ákvörðun félagsmálaráðs er heimilt að skjóta til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi barst vitneskja um hana.

Reglur þessar voru samþykktar í félagsmálaráði hinn 1. júní 2011.

Jóhanna Jóhannsdóttir
Anna S. Jónsdóttir
Hörður Þórga Kristinsdóttir
Guðrún Ínga Sigurgeirs dóttir
Jóhanna Sævarsdóttir